

HINSEGIN DAGAR Í REYKJAVÍK REYKJAVÍK PRIDE



SKÝRSLA STJÓRNAR 2018



www.hinsegin dagar.is
#reykjavikpride

Efnisyfirlit

1	<u>AÐALFUNDUR 2018</u>	4
2	<u>OPNIR FUNDIR</u>	4
3	<u>STJÓRNSKIPULAG</u>	4
3.1	STJÓRN HINSEGIN DAGA	5
3.2	SAMSTARFSNEFND	5
3.2.1	GÖNGU- OG ÖRYGGISSTJÓRN	5
3.2.2	FRÆÐSLUNEFND	5
3.2.3	INNKAUPANEFND	6
3.2.4	SVIÐSNEFNDIR	6
3.2.4.1	Opnunarhátíð	6
3.2.4.2	We like it like that	6
3.2.4.3	Útihátíð í Hljómskálagarði	7
3.2.5	RITNEFND	7
4	<u>DAGSKRÁ HINSEGIN DAGA 2018</u>	8
4.1	ÞRIÐJUDAGUR 7. ÁGÚST	8
4.1.1	MÁLUM GLEÐIRENDUR	8
4.1.2	BARÁTTUGLEÐIN Í MÁLI OG MYNDUM, LJÓSMYNDASÝNING	9
4.1.3	VINNUSTOFA UM KVIKMYNDAGERÐ MEÐ MY GENDERATION	9
4.1.4	KVIKMYNDIR MEÐ MY GENDERATION	9
4.2	MIDVIKUDAGUR 8. ÁGÚST	9
4.2.1	HINSEGIN FÓLK OG HEIMLISOFBELDI	9
4.2.2	YOUR MAKE-UP IS TERRIBLE!	10
4.2.3	COMING CLEAN	10
4.2.4	HINSEGIN BÓKMENNTAGANGA	10
4.2.5	I WOULDN'T DATE ME EITHER	10
4.2.6	HINSEGIN KONUR Í TÓNLIST	10
4.3	FIMMTUDAGUR 9. ÁGÚST	10
4.3.1	BARÁTTAN FYRR OG NÚ	10
4.3.2	REGNBOGASKÓLAR FYRIR ÖLL BÖRN	11
4.3.3	FYRIRPARTÝ	11
4.3.4	OPNUNARHÁTÍÐ HINSEGIN DAGA	11
4.4	FÖSTUDAGUR 10. ÁGÚST	12
4.4.1	KARLMENNSKAN	12
4.4.2	DANCE LIKE EVERYONE'S WATCHING	12

4.4.3	HÝRIR HÚSLESTRAR	12
4.4.4	TÓNLEIKAR HINSEGIN KÓRSINS	12
4.4.5	HINSEGIN PÖBBARÓLT	12
4.4.6	STOLT SIGLIR FLEYÐ MITT	13
4.4.7	KYNLÍFSKARNIVAL	13
4.4.8	LANDLEGUBALL	13
4.5	LAUGARDAGUR 11. ÁGÚST	13
4.5.1	BUBBLUBRÖNS	13
4.5.2	GLEÐIGANGAN	13
4.5.3	ÚTIHÁTÍÐ Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM	13
4.5.4	REYKJAVIK PRIDE PARTY	14
4.6	SUNNUDAGUR 12. ÁGÚST	14
4.6.1	REGNBOGAÞRÁÐURINN Á ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS	14
4.6.2	AA – HINSEGIN HÁTÍÐARFUNDUR	14
4.6.3	REGNBOGAHÁTÍÐ FJÖLSKYLDUNNA	14
4.6.4	KINKY BOOTS	14
5	UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL	14
5.1	TÍMARIT	14
5.2	VEFSÍÐA	15
5.3	SAMFÉLAGSMÍÐLAR	15
5.4	FJÖLMÍÐLAR	15
5.5	AUGLÝSINGAR	16
6	ÝMIS VERKEFNI	16
6.1	ERLEND SAMSKIPTI	16
6.2	AÐGENGISMÁL	16
6.3	HANDBÓK HINSEGIN DAGA	17
7	FJÁRMÁL	17
7.1	FÉLAGSKJÖRINN SKOÐUNARMAÐUR REIKNINGA	17
7.2	FJÁRMÖGNUN	17
7.2.1	REYKJAVÍKURBORG	17
7.2.2	SAMSTARF VIÐ FYRIRTÆKI	18
7.2.3	KAUPFÉLAG HINSEGIN DAGA	18
7.2.4	GÖTUSALA OG ÖNNUR SÖLUSTARFSEMI	19
7.2.5	FJÁRÖFLUNARVIÐBURÐIR	19
7.3	FJÁRHAGUR	19

1 Aðalfundur 2018

Fimmtudaginn 22. febrúar 2018 kl. 18:00 var haldinn aðalfundur Hinsegin daga í Reykjavík að Suðurgötu 3. Fundurinn skipaði Ástu Kristínu Benediktsdóttur fundarstjóra og Karen Ósk Magnúsdóttur fundarritara.

Eva María Þórarinsdóttir Lange, formaður, kynnti skýrslu stjórnar félagsins. Gunnlaugur Bragi Björnsson, gjaldkeri, lagði fram áritaðan ársreikning fyrir árið 2017 sem var samþykktur. Því næst kynnti gjaldkeri fjárhagsáætlun ársins 2018.

Fyrir fundinum lágu tvær tillögur að breytingum á samþykktum félagsins sem sendar voru inn af fráfarandi stjórn félagsins. Var um að ræða breytingu á greinum 4.1 og 4.4 þar sem embætti varaformanns var fellt niður. Með breytingunni var gjaldkeri gerður staðgengill formanns og meðstjórnendum fjölgað úr einum í tvo.

Fimm gild framboð bárust innan tilskilins frests og var því sjálfkjörið í öll embætti stjórnar.

2 Opnir fundir

Á árinu 2018 voru haldnir tveir formlegir fundir í samstarfsnefnd Hinsegin daga en nefndin er öllum opin sem vilja vinna að markmiðum félagsins:

- **Mánudaginn 23. júlí** boðaði stjórn Hinsegin daga til opins fundar á Suðurgötu 3 undir yfirskriftinni *Vilt þú hjálpa til? / Meeting with volunteers*. Þar var farið yfir dagskrá Hinsegin daga 2018 og óskað eftir sjálfboðaliðum til hinna ýmsu verka. Fundurinn gekk vel og skilaði fjölda sjálfboðaliða, bæði reynsluboltum og nýjum aðilum sem tekið var opnum örmum.
- **Fimmtudaginn 13. september** stóð stjórn Hinsegin daga fyrir opnum fundi á Suðurgötu 3 undir yfirskriftinni *MITT Pride! / MY Pride!* Markmið fundarins var að tryggja opið samtal milli stjórnar, sjálfboðaliða og gesta hátíðarinnar og gefa sem flestum færi á að gefa endurgjöf á liðna hátíð og koma á framfæri hugmyndum fyrir þá næstu.

3 Stjórnskipulag

Aðalfundur Hinsegin daga fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins. Á milli aðalfunda er æðsta vald í málefnum félagsins í höndum stjórnar. Stjórn til stuðnings, ráðgjafar og aðhalds starfar svo samstarfsnefnd auk ýmissa undirnefnda og hópa sem í umboði stjórnar starfa að ýmsum verkefnum í aðdraganda árlegra hátíðahalda félagsins.

3.1 Stjórn Hinsegin daga

Stjórn Hinsegin daga 2018-2019, kjörin á aðalfundi 22. febrúar, var þannig skipuð:

- Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður
- Karen Ósk Magnúsdóttir, gjaldkeri
- Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson, ritari
- Helga Haraldsdóttir, meðstjórnandi
- Ragnar Veigar Guðmundsson, meðstjórnandi

Á starfsárinu hélt stjórn sjö formlega stjórnarfundi, einn vinnudag og þriggja daga vinnuhelgi auk óformlegra vinnufunda, funda með samstarfsnefnd, starfshópum, stofnunum, fyrirtækjum og fleiri aðilum.

3.2 Samstarfsnefnd

Samkvæmt samþykktum Hinsegin daga starfar samstarfsnefnd með stjórn að verkefnum hvers árs. Samstarfsnefnd skal vera stjórn til stuðnings og aðhalds, nefndin getur gert tillögur til stjórnar og skal mynda kjarna í framkvæmdaafli félagsins.

Á vettvangi samstarfsnefndar eru starfandi ýmsar undirnefndir og hópar sem í umboði stjórnar Hinsegin daga starfa að afmörkuðum verkefnum. Hér er fjallað um þær helstu sem störfuðu á liðnu starfsári.

3.2.1 Göngu- og öryggisstjórn

Göngu- og öryggisstjórn Hinsegin daga annast undirbúning, framkvæmd og öryggisgæslu vegna árlegrar gleðigöngu Hinsegin daga. Árið 2018 var stjórnin þannig skipuð:

- Eva Jóa, göngu- og öryggisstjóri
- Anna Eir Guðfinnudóttir
- Lilja Ósk Magnúsdóttir
- Steina Natasha Daníelsdóttir
- Þórhallur Hafþórsson

Við undirbúning gleðigöngunnar skiptir samstarf við ýmsa aðila miklu. Á undanförunum árum hefur skapast traust og gott samstarf á milli göngu- og öryggisstjórnar, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og lögreglu sem er ómetanlegt þegar tugþúsundir safnast saman í miðborginni með tilheyrandi álagi á hápunkti hátíðarinnar.

3.2.2 Fræðslunefnd

Með aukinni áherslu á fræðsluviðburði á dagskrá Hinsegin daga hefur þörfin fyrir sérstaka verkefna- og sérfræðinefnd á því sviði vaxið. Á undanförunum árum því verið skipaður sérstakur

hópur sem kemur að undirbúningi og framkvæmd fræðsluviðburða hvers árs. Á árinu 2018 komu eftirtaldir aðilar að þeim verkefnum:

- Karen Ósk Magnúsdóttir, stjórn Hinsegin daga
- Helga Haraldsdóttir, stjórn Hinsegin daga
- Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður Hinsegin daga
- Sólveig Rós, fræðslustýra Samtakanna '78
- Svandís Anna Sigurðardóttir, sérfr. í málefnum hinsegin fólks hjá Reykjavíkurborg
- Unnsteinn Jóhannsson, stjórn Samtakanna '78
- Ugly Stefania og Fox Fisher, My Generation

3.2.3 Innkaupanefnd

Á hverju ári er þörf á innkaupum og innflutningi ýmiss varnings, einkum til endursölu í Kaupfélagi Hinsegin daga. Til að tryggja fjölbreytt framboð er mikilvægt að innkaup séu ákvörðuð af hópi frekar en einum aðila og hafa innkaup síðustu ára því verið undirbúin að sérstakri innkaupanefnd. Á liðnu ári komu eftirtalin að innkaupum Hinsegin daga:

- Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður Hinsegin daga
- Karen Ósk Magnúsdóttir, gjaldkeri Hinsegin daga
- Ragnar Veigar Guðmundsson, meðstjórnandi / sölustjóri
- Leifur Örn Gunnarsson, kaupfélagsstjóri

3.2.4 Sviðsnefndir

3.2.4.1 Opnunarhátíð

Árni Grétar Jóhannsson var listrænn stjórnandi opnunarhátíðar í Háskólabíói, ásamt Vilhjálmi Inga Vilhjálmsyni úr stjórn Hinsegin daga sem einnig var verkefnastjóri og framleiðandi viðburðarins. Sviðsstjórn önnuðust þau Sara Líf Magnúsdóttir og Þórhallur Hafþórsson. HljóðX sá um hljóð- og tæknimál ásamt Huldu Kristínu Kolbrúnardóttur. Árni Grétar og Vilhjálmur sáu um öll samskipti við listamenn, tæknifólk og Háskólabíói. Einnig komu Helga Haraldsdóttir og Ragnar Veigar Guðmundsson úr stjórn Hinsegin daga að framkvæmd opnunarhátíðar, m.a. varðandi miðasölu og dyravörslu, sölu á varningi og fleira. Aðrir sjálfboðaliðar, sem meðal annars sáu um sölu á vörum, voru Ásta Indía, Védís Mist, Lisa Franco, Anaïs Perroy, Haffi Haff, Hafdís Arnardóttir, Kristín Ásta Lárusdóttir, Aldís Kvaran, Perla Ýr og Magnea Marín.

3.2.4.2 We like it like that

Hinsegin dagar, í samstarfi við Drag-Súg (DS), stóðu fyrir einni stærstu dragveislu sem sést hefur á Íslandi, sem bar nafnið "We like it like that". Seldist upp á viðburðinn eða um 700 miðar. Kynnir var engin önnur en Detox úr RuPaul's Drag Race, eitt stærsta nafnið í bransanum. Viðburðinn var haldinn í nánú samstarfi Drag-súg og voru fulltrúar þeirra í undirbúningnum þeir Sigurður Guðjónsson (Gogo Starr) og Atli Freyr Demantur. Atli var einnig aðal tengiliður DS við Hinsegin daga í tengslum við viðburðinn, sá um framkvæmd úrtökuprófa innan DS og var sviðstjóri ásamt Söru Líf Magnúsdóttur. Sara Líf var einnig aðstöðarframleiðandi á deginum

sjálfum. Viðburðarstjóri og framleiðandi viðburðarins var Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson úr stjórn Hinsegin daga og sá hann m.a. um framkvæmd viðburðarins, viðburðastjórn, skipulag og samskipti við listamenn, hljóð- og tæknifólk. Atli og Gogo Starr sáu um uppröðun atriða. Aðrir sjálfboðaliðar, sem meðal annars sáu um sölu á varningi og undirbúning baksviðs ásamt aðstoð við Meet og Greet, voru m.a. Anna Vilhjálmsdóttir, Hafsteinn Þór Guðjónsson, Lisa Franco og Magnús Eðvald. Aðrir listamenn sem komu fram voru Gloria Hole, Heklina, Hans og Gógó Starr auk fjölda annarra dragdrottninga og dragkónga, bæði erlendra og úr röðum Drag-Súgs. Viðburðurinn var haldinn í Gamla bíói og sá HljóðX um hljóð- og tæknimál ásamt Huldu Kristínu Kolbrúnardóttur.

3.2.4.3 Útihátíð í Hljómskálagarði

Karen Ósk Magnúsdóttir úr stjórn Hinsegin daga sá um stjórn stóra sviðs í Hljómskálagarði laugardaginn 11. ágúst, ásamt sviðsstjóra. Umsjón fólst m.a. í samskiptum við alla þá aðila sem komu að uppsetningu búnaðar við stóra svið ásamt aðstöðusköpun fyrir listamenn. Sóley Kristjánsdóttir var sviðsstjóri í Hljómskálagarðinum og sá hún um samskipti við listamenn auk þess að stýra sviðinu á tónleikadegi og tryggja rennsli. Með þeim í sviðsteymi voru þau Sölvi Kristjánsson, Birna Margrét Björnsdóttir, Kristín Ásta Lárusdóttir, Sólrún Hedda Benedikz og Ingólfur Daníel Ámason. Óli Bachman sá um dyravörslu. Sviðsvagn og tæknibúnaður var frá HljóðX líkt og fyrri ár.

3.2.5 Ritnefnd

Að mörgu er að hyggja við undirbúning og útgáfu hins veglega tímarits Hinsegin daga. Árið 2018 var ritstjórn og textagerð í höndum sérstakrar ritstjórnar sem var þannig skipuð:

- Karen Ósk Magnúsdóttir úr stjórn Hinsegin daga, ábyrgðarmaður og ritstjóri
- Tóttla I. Sæmundsdóttir, ritstjóri og textagerð
- Viktoría Birgisdóttir, textagerð
- Sólveig Johnsen, textagerð
- Böðvar Björnsson, textagerð
- Heimir Már Pétursson, textagerð
- Birna Þórðardóttir, textagerð
- Sigurður Þorri Gunnarsson, textagerð
- Anna Pála Sverrisdóttir, textagerð
- Ásta Kristín Benediktsdóttir, prófarkarlestur
- Guðmundur Davíð Terrazas, umbrot og hönnun

Ritnefndin hittist reglulega á fundum og var í góðum samskiptum á meðan á vinnslu blaðsins stóð.

4 Dagskrá Hinsegin daga 2018

Í tilefni 40 ára afmælis Samtakanna '78 ákvað stjórn að þema hátíðarinnar árið 2018 væri sjálft afmælisárið og sú barátta sem hefur áunnist á þeim tíma síðan samtökin voru stofnuð.

Yfirskrift Hinsegin daga 2018 var *baráttugleðin* en með því var vísað til þeirrar þrotlausu baráttu sem hinsegin fólk á Íslandi hefur háð á síðustu árum og áratugum. Baráttu fyrir sjálfstöðum réttindum í íslensku samfélagi. Baráttugleðin er þó lýsandi í fleiri en einum skilningi. Orðið fangar nefnilega ekki bara baráttuna heldur einnig gleðina. Í tímarit Hinsegin daga 2013 skrifaði rithöfundurinn Lilja Sigurðardóttir grein og sagði: „*Við erum alveg helvíti hress. Hjá okkur ríkir stanslaust stuð, biturðinni er skolað niður með regnbogalitum kokteil, kröfugangan gerir einungis kröfu um gleði, meira að segja baráttusöngvarnir okkar eru diskó.*“ Þar er meðal annars vísað til samkenndarinnar og húmorsins sem gjarnan hefur einkennt hinsegin samfélagið okkar – að minnsta kosti utan frá séð. „*Þessi óforskammaði húmor, gleðin sem einu sinni var aðferð til að lifa af við óbærilegar aðstæður, hún er núna bara til að njóta,*“ sagði Lilja. Okkar leið til að lifa af. Baráttan til að knýja fram breytingar og gleðin til að brynja okkur fyrir fjandsamlegum viðbrögðum. Gleðin hefur samt ekki alltaf náð langt undir yfirborðið. Í gegnum tíðina hefur hinsegin samfélagið orðið fyrir mikilli og sársaukafullri blóðtöku. Einstaklingar úr okkar röðum hafa látist af völdum ofbeldis og sjúkdóma. Enn í dag er hinsegin fólk líklegra til að falla fyrir eigin hendi en aðrir. Þó ekki væri fyrir aðrar sakir en þessar er ljóst að sýnileiki, fræðsla og góðar fyrirmyndir skipta miklu og geta hreinlega verið lífsspursmál. Hinsegin baráttan er ekki háð að ástæðulausu.

Meðan á hátíðinni stóð yfir bauðst gestum að njóta yfir 30 viðburða en þar má nefna ljósmynda- og sögusýningu, vinnustofur, kvikmyndir, tónlist og bókmenntir auk þess sem fræðsluviðburðum var gert hátt undir höfði líkt og fyrri ár. Hér á eftir fylgir yfirlit yfir dagskrá Hinsegin daga 2018.

4.1 Þriðjudagur 7. ágúst

4.1.1 Málum gleðirendur

Umsjón: Jón Kjartan Ágústsson og Ragnar Veigar Guðmundsson í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Hátíðin hófst með regnbogamálun á Skólavörðustíg. Formaður Hinsegin daga og borgarstjóri héldu sutt erindi áður en stjórn Hinsegin daga og borgarstjóri máluðu fyrstu liti regnbogans við gatnamót Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis. Í kjölfarið tók fjöldi sjálfboða þátt í viðburðinum. Þetta var í fjórða sinn sem Hinsegin dagar hófust með því að mála regnboga í miðborg Reykjavíkur og þarf af í annað sinn sem málningarvinnan fór fram á Skólavörðustíg. Var staðsetningin valin með tilliti til þess að Samtökin '78 fögnuðu 40 ára afmæli á árinu en við Skólavörðustíg standa bæði Hegninarhúsið, þar sem eini Íslendingurinn sem dæmdur var í fangelsi fyrir samkynhneigð sat inni, og húsnæðið sem Samtökin '78 fengu til leigu undir sína fyrstu skrifstofu og félagsaðstöðu.

4.1.2 Baráttugleðin í máli og myndum, ljósmyndasýning

Umsjón: Gunnlaugur Bragi Björnsson, Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson og Sigurður Júlíus Guðmundsson í samstarfi við stjórn Samtakanna '78 og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Í tilefni 40 ára afmælis Samtakanna '78 stóðu Hinsegin dagar og Samtökin fyrir sýningu á Skólavörðustíg þar sem sjá mátti myndir, bréf, blaðagreinar og fleira tengt baráttu hinsegin fólks fyrir sýnileika og réttindum í samfélaginu.

4.1.3 Vinnustofa um kvikmyndagerð með My Genderation

Umsjón: Uglya Stefanía, Fox Fisher og Helga Haraldsdóttir.

Í þessari vinnustofu fengu þátttakendur kennslu í helstu atriðum kvikmyndagerðar. Þá gafst þeim tækifæri á að taka þátt í framleiðslu á nokkrum stuttum myndböndum um réttindastöðu trans og intersex fólks á Íslandi í tengslum við nýja löggjöf, fyrir framan myndavélina eða við framleiðslu (upptökur, hljóð, o.s.frv.).

4.1.4 Kvikmyndir með My Genderation

Umsjón: Uglya Stefanía, Fox Fisher og Helga Haraldsdóttir.

Hér bauð *My Genderation* í bío. Uglya Stefanía og Fox Fisher sýndu nokkrar nýjustu stuttmyndir sínar og tvinnuðu þær saman við umræður um réttindabaráttu og líf trans fólks í Bretlandi og á Íslandi. *My Genderation* er kvikmyndaverkefni sem einblínir á reynslu og líf trans fólks. Það sem gerir *My Genderation* sérstætt er að allar kvikmyndirnar eru framleiddar af trans fólki og fjalla um trans fólk en eru ætlaðar fyrir mun stærri áhorfendahóp.

4.2 Miðvikudagur 8. ágúst

4.2.1 Hinsegin fólk og heimilisofbeldi

Umsjón: Svandís Anna Sigurðardóttir og Karen Ósk Magnúsdóttir í samstarfi við Samtökin '78 og fleiri.

Lítil umræða hefur verið um hinsegin fólk og heimilisofbeldi á Íslandi. Haustið 2017 var settur á fót starfshópur á vegum verkefnisins Saman gegn ofbeldi sem fékk það hlutverk að skoða þennan málaflokk og skila tillögum um leiðir til að efla umræðu og bæta þjónustu. Síðan þá hafa þjónustumiðstöðvar, lögreglan og samtök sem starfa á þessum vettvangi fengið fræðslu um hinsegin fólk og heimilisofbeldi.

Á þessum viðburði var fjallað um hinsegin fólk og heimilisofbeldi, verkefninu voru gerð skil og kallað eftir umræðum um úrræði og þjónustu fyrir hinsegin fólk. Halldóra Gunnarsdóttir og Svandís Anna Sigurðardóttir, kynjafræðingar og verkefnastjórar Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, héldu erindi auk Heiðrúnar Fivelstad skrifstofustýru Samtakanna '78 sem áður starfaði á vegum Stígamóta að verkefninu *Sjúk ást*.

4.2.2 Your make-up is terrible!

Umsjón: Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson og Gógó Starr.

Dragdrottning Íslands leiddi þátttakendur í gegnum drag-förðun á skemmtilegan hátt.

4.2.3 Coming Clean

Umsjón: Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson og Ben Strothmann.

Leiksyningin Coming Clean er falleg, fyndin og heillandi frásögn Bens Strothmann sem ólst upp í Milwaukee í Wisconsin í Bandaríkjunum en flutti síðar til hinnar frjálslyndu og oft villtu borgar New York. Þar uppgötvaði hann eitt og annað, m.a. fíknina, en einnig ýmislegt varðandi eigin kynhneigð. Hér sagði Ben þroskasögu sína og deildi vandræðalegum, fyndnum og ljúfsárum endurminningum með áhorfendum.

4.2.4 Hinsegin bókmenntaganga

Umsjón: Ásta Kristín Benediktsdóttir og Borgarbókasafn Reykjavíkur.

Borgarbókasafnið hafði áður tvisvar boðið til bókmenntagöngu á Hinsegin dögum og sló ekki af þetta árið. Gengið var á vit hinsegin bókmennta í miðborginni, sagt frá, lesið og spjallað. Ásta Kristín Benediktsdóttir íslenskufræðingur leiddi þessa klukkustundar löngu göngu frá Borgarbókasafninu í Grófinni.

4.2.5 I wouldn't date me either

Umsjón: Helga Haraldsdóttir, Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson og Jonothan Duffy.

Jonathan Duffy stóð fyrir einlægu uppistandi um erfiðleikana sem geta fylgt því að vera einhleypur. Hvernig er stefnumótaheimurinn? Hverjar eru reglurnar? Jonathan Duffy eyddi þremur árum í að reyna að læra inn á þetta allt saman og deildi hér reynslusögum, sem skiluðu misgóðum árangri, úr heimi stefnumóta og skyndikynna.

4.2.6 Hinsegin konur í tónlist

Umsjón: Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson, Ragnar Veigar Guðmundsson og Sóley Kristjánsdóttir auk þeirra sem fram komu.

Á þessum einlægu og skemmtilegu tónleikum kom fram úrval hinsegin tónlistarkvenna sem fluttu tónlist og deildu sögum með gestum. Fram komu Rebecca Hidalgo, Bláskjár, Elín Ey og Hljómsveitin Eva.

4.3 Fimmtudagur 9. ágúst

4.3.1 Baráttan fyrr og nú

Umsjón: Gunnlaugur Bragi Björnsson.

Segja má að formleg réttindabarátta hinsegin fólks á Íslandi hafi staðið í 40 ár eða frá því að Samtökin '78 voru stofnuð. Á þessum viðburði ræddi baráttufólk þessara og fyrri tíma framþróun

málefna hinsegin fólks í gegnum tíðina. Hvernig þetta hófst allt saman, hverju var barist fyrir í fyrstu og hvaða sigrar voru taldir ómögulegir en einnig hver mikilvægustu baráttumálin í dag séu. Umræðustjóri var Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður Hinsegin daga. Í pallborði voru:

- Eva María Þórarinsdóttir Lange, stofnandi Pink Iceland og fyrrv. formaður Hinsegin daga
- Lana Kolbrún Eddudóttir, formaður Samtakanna '78 1989–1990 og 1993–1994
- María Helga Guðmundsdóttir, formaður Samtakanna '78
- Magnús Hákonarson, formaður BDSM Ísland
- Svandís Anna Sigurðardóttir, sérfræðingur í málefnum hinsegin fólks og kennari við HÍ

4.3.2 Regnbogaskólar fyrir öll börn

Umsjón: Sólveig Rós, Helga Haraldsdóttir og Karen Ósk Magnúsdóttir.

Staða hinsegin nemenda í skólakerfinu var sérstaklega skoðuð á þessum viðburði og rætt hvernig hægt sé að gera skóla betri fyrir öll börn – ekki bara þau sem gætu fallið undir merkimiðann „hinsegin“. Sólveig Rós, fræðslustýra Samtakanna '78, kynnti helstu rannsóknir á þessu sviði og hvar Íslendingar standa í alþjóðlegum samanburði. Sigga Birna, ráðgjafi hjá Samtökunum og grunnskólakennari, fjallaði um orðræðu og hefðir innan skólakerfisins sem ýta undir staðalmyndir kynjanna og hvernig hægt sé að vinna gegn neikvæðum afleiðingum þeirra. Einnig ræddu Kristinn Þorsteinsson, skólameistari Fjölbrautarskólans í Garðabæ, og Bjarni Snæbjörnsson, leikari og fyrrverandi leiklistarkennari við FG, sína reynslu af því að setja hinsegin stefnu fyrir skólann og af hverju það er mikilvægt. Í lokin var boðið upp á umræður. Þessi viðburður var sérstaklega ætlaður kennurum og öðrum sem vinna með börnum og ungmennum en öllum áhugasömum var velkomið að mæta.

4.3.3 Fyrirparty

Umsjón: Gunnlaugur Bragi Björnsson og Geiri Smart.

Hér var kjörið tækifæri til að grípa sér matarbita fyrir opunarhátíðina nú eða bara líta við til að komast í gírinn með drykk og hýrri tónlist. Geiri Smart bauð upp á löðrandi hýr tilboð á mat og drykk, DJ var á staðnum auk þess sem boðið var upp á rútuferðir að Háskólabíói.

4.3.4 Opunarhátíð Hinsegin daga

Umsjón: Ámi Grétar Jóhannsson, Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson og fleiri.

Hið árlega ættarmót hinsegin fólks fór að þessu sinni fram í Háskólabíói. Fram komu m.a. Andrea Gylfadóttir og Hinsegin kórinn, Hera Björk, Fókus hópurinn, Gloria Hole og Ingileif. Formaður Hinsegin daga flutti opunnarræðu og Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, flutti hátíðarávarp en kynnar kvöldsins voru Bjartmar Þórðarson og Ragnhildur Sverrisdóttir.

4.4 Föstudagur 10. ágúst

4.4.1 Karlmennskan

Umsjón: Unnsteinn Jóhannsson og Helga Haraldsdóttir.

Karlmennska og hinseginleiki tengjast óneitanlega. Hvernig er karlmennska hinsegin karlanna? En kvenna? Hvað með trans fólk? Og aðra undir hinsegin regnhlífinni? Hér var kafað dýpra í áhrif karlmenskunnar á hinsegin samfélagið.

4.4.2 Dance like everyone's watching

Umsjón: Rebecca Hidalgo, Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson og Helga Haraldsdóttir.

Vinnustofan „Dansaðu með stolti“ hafði það að markmiði að kanna frelsi einstaklingsins í gegnum hreyfingu og dans. Vinnustofan var öllum opin, óháð getu eða líkamsgæð. Rebecca Hidalgo frá New York stýrði vinnustofunni en hún er dansari, danshöfundur, multimedia-listakona og líkamsræktarþjálfari. Vinnustofan byggði á reynslu Rebeccu af vinnu við dans og listir á hinsegin senunni í New York þar sem tilraunir og tjáning með dansi dafna og er fagnað.

4.4.3 Hýrir húslestrar

Umsjón: Bjarndís Helga Tómasóttir, Elísabet Thoroddsen og Helga Haraldsdóttir.

Bókmenntaviðburður Hinsegin daga hefur fest sig rækilega í sessi. Júlía Margrét Einarsdóttir las úr nýútkominni bók sinni Jarðarberjatungli. Aðdáendur pólitískra trylla af bestu gerð glöddust yfir upplestri úr Svikum, óútkominni bók Lilju Sigurðardóttur. Þá var lesið upp úr skáldsögunni Homo sapína eftir grænlenka rithöfundinn Niviaq Korneliusson í nýrri íslenskri þýðingu Heiðrúnar Ólafsdóttur. Einnig tóku listamenn Rauða skáldahússins þátt með sínum hætti. Loks voru úrslit ljóðasamkeppni Hinsegin daga tilkynnt og verðlaunatextarnir fluttir.

4.4.4 Tónleikar Hinsegin kórsins

Umsjón: Ragnar Veigar Guðmundsson og Hinsegin kórin.

Hinsegin kórin efndi til tónleika í tilefni Hinsegin daga. Kórin hefur á undanförunum árum getið sér afar gott orð fyrir góðan söng og skemmtilega framkomu en hann syngur undir stjórn tónlistarkonunnar Helgu Margrétar Marzellíusardóttur. Efnisskrá tónleikanna innihélt blöndu af íslenskum og erlendum lögum sem sum hver hafa verið útsett sérstaklega fyrir kórin.

4.4.5 Hinsegin pöbbarölt

Umsjón: Ámi Grétar Jóhannsson og Gunnlaugur Bragi Björnsson.

Íslenskir hommar döðruðu við hermenn á Borginni á fimmta áratugnum, síðar leituðu lesbíurnar skjóls í Stúdentakjallaranum áður en dragið blómstraði á Rauðu myllunni. Íslenskt hinsegin skemmtanalíf hefur verið alls konar í gegnum árin – leynt og ljóst, hávært og lágvært. Fyrir tíu árum birtist ítarleg úttekt Hilmar Hildar-Magnússonar á skemmtanalífi hinsegin fólks í gegnum tíðina í veglegu 30 ára afmælisriti Samtakanna '78. Hér var úttekt Hilmar rýnd og það á fæti!

Gengið var um miðborgina og valdar söguslóðir kannaðar, dreypt á drykkjum auk þess sem síðastliðin tíu ár, sem enn eru óskráð, voru tekin fyrir. Gengið var frá Hlemmi að Lækjartorgi.

4.4.6 Stolt siglir fleyið mitt

Umsjón: Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Sigurður Þorri Gunnarsson, Sveinn Hólmur Guðmundsson og starfsfólk Eldingar.

Hin árlega hýra kvöldsigling frá gömlu höfninni í boði hvalaskoðunarfyrtækisins Eldingar.

4.4.7 Kynlífskarnival

Umsjón: Helga Haraldsdóttir, Heiðrún Fivelstad og Q - félag hinsegin stúdenta.

Hinsegin dagar buðu til kynlífskarnivals í samstarfi við Q – félag hinsegin stúdenta. Lítið hefur farið fyrir umræðu um kynlíf hinsegin fólks enda hafa fordómar í okkar garð einmitt beinst að kynhegðun. Hér var blaðinu snúið við. Á staðnum voru meðal annars Sigga Dögg kynfræðingur, Blush, Burlesque og Jonathan Duffy. Eftir formlega dagskrá spilaði Atli Kanill fyrir dansi.

4.4.8 Landleguball

Umsjón: Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Árni Grétar Jóhannsson og starfsfólk Kiki Queer Bar.

Besta tónlistin og hýrir drykkir fyrir þau sem vildu skemmta sér langt fram á nótt.

4.5 Laugardagur 11. ágúst

4.5.1 Bubblubröns

Umsjón: Pink Iceland og Geiri Smart.

Staðgóður árbitur og nóg af bubblum á Geira Smart í samstarfi við Pink Iceland.

4.5.2 Gleðigangan

Umsjón: Göngu- og öryggisstjórn Hinsegin daga.

Hápunktur Hinsegin daga! Gengið var frá Hörpu, niður Lækjargötu og endað í Sóleyjargötu.

4.5.3 Útihátíð í Hljómskálagarðinum

Umsjón: Stjórn Hinsegin daga og sviðsstjórn útihátíðar.

Tónlistarveisla Hinsegin daga í Hljómskálagarðinum. Fram komu Andrea Gylfa, Hinsegin kórin, Hera Björk, Briet, Haffi Haff, Svala Björgvins, Heklina og Páll Óskar. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, flutti hátíðarávarp.

4.5.4 Reykjavik Pride party

Umsjón: Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson, Gunnlaugur Bragi Björnsson og Páll Óskar.

Hinn eini sanni Páll Óskar hélt uppi stuðinu í Gamla bíói.

4.6 Sunnudagur 12. ágúst

4.6.1 Regnbogapráðurinn á Þjóðminjasafni Íslands

Umsjón: Ásta Kristín Benediktsdóttir.

Í tilefni af 40 ára afmæli Samtakanna '78 er boðið upp á hinsegin vegvísi um grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands, Þjóð verður til - menning og samfélag í 1200 ár. Á Hinsegin dögum var verkefnið kynnt og fulltrúar þess leiddu gesti í gegnum sýninguna.

4.6.2 AA – Hinsegin hátíðarfundur

Árlegur hátíðarfundur AA samtakanna í tilefni Hinsegin daga.

4.6.3 Regnbogahátíð fjölskyldunna

Umsjón: Helga Haraldsdóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Bryndís Ruth Gísladóttir og Dýrleif Björk Pálsdóttir.

Litrík og skemmtileg fjölskylduhátíð á Klambratúni.

4.6.4 Kinky Boots

Umsjón: Gunnlaugur Bragi Björnsson og starfsfólks Stúdentakjallarans.

Þynnkubíó, afréttari og “comfort food” í Stúdentakjallaranum fyrir þreytta hátíðargesti.

5 Upplýsinga- og kynningarmál

5.1 Tímarit

Líkt og fyrri ár gáfu Hinsegin dagar út tímarit sem er stór þáttur í því að kynna dagskrá hátíðarinnar og varpa ljósi á þema hvers árs. Þar má einnig finna ýmsar greinar og áhugaverð viðtöl en sérstaða tímaritsins er einmitt m.a. að vera eini reglubundni vettvangurinn sem skrásetur sögu og málefni hinsegin fólks á Íslandi.

Tímarit ársins var glæsilegt en forsiðuna prýddu þrjár einstaklingar sem allir hafa látið til sín taka í baráttunni fyrir sýnileika og réttindum hinsegin fólks. Forsiðumódelin voru þau Dalvin Smári Imsland, Jóhanna Sigurðardóttir og Sigurður Heimir Guðjónsson (Gógó Starr). Ritið kom út þann 12. júlí og af því tilefni var haldið útgáfuteiti í Dönsku stofunni á Geira Smart. Þangað

bauð stjórn Hinsegin daga þeim aðilum sem komið höfðu að útgáfu tímaritsins, viðburðastjórum og öðrum lykilsjálfbodaliðum auk styrktar- og samstafsaðilum.

Ritstjórar tímaritsins voru þær Karen Ósk Magnúsdóttir og Tóttla I. Sæmundsdóttir en textagerð önnuðust Tóttla I. Sæmundsdóttir, Viktoría Birgisdóttir, Sólveig Johnsen, Böðvar Björnsson, Heimir Már Pétursson, Birna Þórðardóttir, Sigurður Þorri Gunnarsson, Anna Pála Sverrisdóttir og Gunnlaugur Bragi Björnsson en Ásta Kristín Benediktsdóttir sá um prófarkarlestur. Auglýsingaöflun var í höndum Hvíta hússins, Gunnlaugs Braga og Karenar Óskar. Guðmundur Davíð Terrazas, Guðmundur Þór Kárason og Pressphotos. Myndskreytingar tímaritsins voru í höndum Hrannars Atla Haukssonar og Guðmundur Davíð Terrazas sem einnig annaðist alla hönnun ritsins.

5.2 Vefsíða

Undanfarin ár hefur vefsíða Hinsegin daga (hinsegindagar.is) verið helsti upplýsingamiðill hátíðarinnar. Vefsíðuna hannaði Rafn Steingrímsson árið 2013 og hefur hann annast vefumsjón ásamt Gunnlaugi Braga og Vilhjálmi Inga en á hverju ári hafa einhverjar nýjungar verið teknar í notkun. Vefsíðan er mikilvægur upplýsingamiðill, sérstaklega mánuðina fyrir hátíð, en þar má finna dagskrá, greinar, tengiliðaupplýsingar og margt fleira. Síðan er einnig á ensku.

5.3 Samfélagsmiðlar

Fylgjendum Hinsegin daga á Facebook fer fjölgandi ár frá ári. Umsjón síðunnar er að mestu í höndum stjórnar Hinsegin daga auk nokkurra fulltrúa úr samstarfsnefnd sem hafa aðgang til að deila sínum verkefnum og viðburðum í aðdraganda hátíðarinnar. Undanfarin þrjú ár hafa Hinsegin dagar fengið utanaðkomandi aðila til að taka upp myndbönd alla daga hátíðarinnar. Myndböndunum hefur verið dreift á samfélagsmiðlum sem hefur skilað allt að 10.000 áhorfum.

Hinsegin dagar eiga einnig aðgang á Twitter og Instagram sem einkum eru virkir í kringum hátíðahöldin en á árinu 2018 var sýnileiki félagsins á Instagram aukinn töluvert. Myllumerki Hinsegin daga á samfélagsmiðlum er [#ReykjavikPride](https://twitter.com/ReykjavikPride). Fyrir hátíðina í ár voru útbúin sérstök Hinsegin daga .gif fyrir samfélagsmiðla sem ekki hefur verið gert áður. Markmið þeirra var að auka sýnileika hátíðarinnar á samfélagsmiðlum. Þá hafa Hinsegin dagar nokkrum sinnum tekið yfir Snapchat reiknina á borð við Hinseginleikann til að leyfa á horfendum að fylgjast með undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar.

Í gegnum árin hefur Birna Hrönn Björnsdóttir séð um að uppfæra upplýsingasíður á netinu og átt samtal við aðila sem sjá um samfélagsmiðla til að koma upplýsingum um Hinsegin daga sem víðast. Mikilvægt er að tryggja að slík sé gert áfram.

5.4 Fjölmiðlar

Líkt og fyrri ár sýndu fjölmiðlar Hinsegin dögum mikinn áhuga á árinu 2018 og voru fjölmargir viðburðir hátíðarinnar afar sýnilegir í netmiðlum, útvarpi og sjónvarpi.

Það hefur reynst stjórn vel að stilla saman strengi í aðdraganda hátíðar og setja upp áætlun þar sem ákveðin atriði eru dregin út, sem leggja skal áherslu á í fréttatilkynningum og samskiptum við fjölmiðla. Þannig má ná samræmi í skilaboðum auk þess sem mikilvægt er að tryggja sýnileika sem flestra viðburða en ekki bara þeirra stærstu eins og áður var. Augljóst er að markviss vinna undanfarinna ára hefur borið árangur en áfram þarf að vinna skipulega á komandi árum þar sem mikilvægt er að allir viðburðir fái verðskuldaða kynningu.

Formaður Hinsegin daga er formlegur talsmaður félagsins en áhersla hefur verið lögð á að fleiri aðilar úr stjórn komi fram í fjölmiðlum auk göngustjórnar og viðburðastjóra.

5.5 Auglýsingar

Sem fyrr var farið sparlega með fjármagn á sviði auglýsinga- og kynningamála. Árið 2018 birtust auglýsingar hátíðarinnar á nokkrum af mest áberandi rafrænum auglýsingaskjám fyrirtækisins Billboard auk skilti Valsmanna við Hringbraut/Bústaðaveg. Þá voru Facebook auglýsingar nýttar í tengslum við viðburði, myndbönd og öflun sjálfbóðaliða.

Líktog fyrri ár voru auglýsingar ekki leyfðar í göngunni eða við útisvið og eru Hinsegin dagar eina hátíð landsins og mögulega eina Pride hátíðin í heiminum, þar sem auglýsingar eru ekki sýnilegar í göngu og á útihátíðarsvæði.

Meðan á Hinsegin dögum stóð breyttist útvarpsstöðin K100 í Hinsegin100 og sá Sigurður Þorri Gunnarsson, einn sjálfbóðaliði Hinsegin daga og sérlegur fulltrúi Hinsegin daga í útvarpi, um að koma dagskrá hátíðarinnar vel á framfæri. Að lokinni gleðigöngu sendi Hinsegin100 út í beinni útsendingu úr Hljómskálagarðinum þar sem forsvarsfólk hátíðarinnar og listafólk var tekið tali auk þess sem að hluti dagskrár á sviði var sendur beint út.

6 Ýmis verkefni

6.1 Erlend samskipti

Hinsegin dagar eru sem fyrr aðilar að InterPride, alþjóðasamtökum hinsegin hátíða, og EPOA, Evrópusamtökum hinsegin hátíða, en fulltrúar Hinsegin daga hafa þó ekki sótt viðburði samtakanna á undanförunum árum. Áfram er unnið að eflingu samstarfs á milli Hinsegin daga, Copenhagen Pride og annarra hátíða á Norðurlöndunum með það að markmiði að samnýta þekkingu og byggja upp öflugt tengslanet.

6.2 Aðgengismál

Frá árinu 2014 hafa aðgengismál Hinsegin daga verið sérstaklega tekin til skoðunar og áhersla verið lögð á að viðburðir á vegum hátíðarinnar séu sem flestum aðgengilegir, óháð þjóðfélagsstöðu, kyngervi eða líkamlegri getu. Hinsegin dagar vilja sífellt gera betur og hafa

m.a. leitað ráðgjafar einstaklinga innan hinsegin samfélagsins með sérstakar aðgengisþarfir, með það að markmiði að meta dagskrá hátíðarinnar með tilliti til aðgengismála en Bandaríska sendiráðið hefur m.a. veitt Hinsegin dögum sérstakan styrk til málaflokksins. Stjórn leggur áherslur á að skipaður sé sérstakur aðgengisfulltrúi og ráðgjafi aðgengismála fyrir viðburði hátíðarinnar auk þess undanfarin ár hefur verið settur upp aðgengispallur við stóra svið, ætlaður gestum með sérstakar aðgengisþarfir. Þá hafa Hinsegin dagar talað fyrir því að aðrar hátíðir geri slíkt hið sama.

6.3 Handbók Hinsegin daga

Gífurleg sérþekking hefur skapast síðastliðin ár í skipulagningu hátíðarinnar og hefur stjórn og samstarfsnefnd safnað saman upplýsingum síðastliðin ár í hagnýta handbók þar sem öll helstu verkefni eru skráð. Handbókin er lifandi plagg sem mikilvægt er að uppfæra reglulega. Þá hefur stjórnin nýtt Google Drive til gagnavinnslu og skjalavistunar auk þess sem Facebook er mikið notað fyrir samskipti stjórnar og samstarfsnefndar.

7 Fjármál

7.1 Félagskjörinn skoðunarmaður reikninga

Á aðalfundi Hinsegin daga 22. febrúar 2018 var Sverrir Jónsson endurkjörinn skoðunarmaður reikninga Hinsegin daga. Sverrir, sem verið hefur skoðunarmaður félagsins frá árinu 2014, er hagfræðingur að mennt og með meistaraþáttu í stjórnsýslufræði.

7.2 Fjármögnun

7.2.1 Reykjavíkurborg

Hinsegin dagar hafa um árabíl notið ómetanlegs stuðnings frá Reykjavíkurborg. Árið 2017 voru Hinsegin dagar ein þeirra hátíða sem fengu titilinn “Borgarhátíð Reykjavíkur 2017-2019” en á þeim árum fá Hinsegin daga samningsbundið 7 milljóna framlag á ári.

Markmiðið með útnefningu borgarhátíðanna var að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík. Við valið var einkum horft til þeirra hátíða sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni, alþjóðleg tengsl, jákvæð áhrif á ferðamennsku og ímynd Reykjavíkur auk efnahagslegs umfangs.

Árið 2019 er því síðasta ári sem núgildandi samningur Hinsegin daga og Reykjavíkurborgar nær til. Ný stjórn mun því þurfa að hefja samtal við fulltrúa borgarinnar með það fyrir augum að tryggja nýjan samning um áframhaldandi samstarf og stuðning. Án stuðnings borgarinnar er ljóst að tilveru og rekstrargrundvelli félagsins yrði verulega ógnað.

7.2.2 Samstarf við fyrirtæki

Líkt og fyrri ár nutu Hinsegin dagar stuðnings og samstarfs ýmissa fyrirtækja. Þar má helst nefna Landsbankann, Byko, Omnom, Ölgerðina & Borg brugghús, K100, Nordica Collection, Siðmennt, Blush, Jómfrúna, Eldingu, Icelandair Hotels, Kiki og Pink Iceland. Þá hafa Hinsegin dagar notið velvildar og góðra kjara hjá ýmsum fyrirtækjum vegna nauðsynlegrar þjónustu og vörukaupa í tengslum við dagskrá hátíðarinnar.

Samstarf og stuðningur Hinsegin daga og fyrirtækja er með ýmsum hætti en þar má m.a. nefna fjárstuðning, aðstoð, aðstöðu og vöruskipti. Stjórn Hinsegin daga kann öllum samstarfsaðilum bestu þakkir fyrir ómetanlegan stuðning en sérstakar þakkir eru sendar eigendum og starfsfólki Eldingar sem gaf vinnu sína í hinni árlegu hinsegin siglingu.

7.2.3 Kaupfélag Hinsegin daga

Dagana 6-11. ágúst héldu Hinsegin dagar úti kaupfélagi og þjónustumiðstöð í húsnæði Samtakanna '78 við Suðurgötu 3. Að þessu sinni var gerð breyting á afgreiðslutíma kaupfélagsins sem nú var opið á milli kl. 11 og 19 mánudag til föstudags í stað kl. 12-20 eins og verið hafði. Með þessu móti áttu sjálfbóðaliðar í kaupfélagi auðveldara með að fara á kvöldviðburði Hinsegin daga en margir sjálfbóðaliðanna sinntu einnig verkefnum tengdum viðburðum. Líkt og síðustu ár var kaupfélagið einnig opið á laugardegi fram að gleðigöngu sem mælst hefur vel fyrir.

Frá árinu 2016 hafa Hinsegin dagar staðið fyrir netsölu á helstu aðgöngumiðum og pössum í aðdraganda hátíðarinnar og nýtur sú þjónusta sífellt meiri vinsælda. Staðsetning kaupfélagsins reyndist heppileg sem fyrri ár en reynst hefur gott að hafa aðstöðu fyrir verslun, fundarhöld og lager í sama húsnæði. Í kaupfélaginu er alltaf heitt á könnunni og sífellt fleiri líta þar inn til að spjalla, skoða vörurnar og hitta annað fólk.

Rekstur kaupfélagsins er góð þjónusta við gesti hátíðarinnar og hefur afar jákvæð áhrif á veltu hátíðarinnar. Töluvert var keypt af nýjum vörum sem voru, líkt og fyrri ár, aðallega skemmtilegar sérvörur í litlu upplagi. Töluverður fjöldi vöruflokka seldist upp og þarf enn á ný að endurnýja lagerinn fyrir komandi hátíð. Sala á Pride-passanum gekk afar vel en mikil aukning var í sölu frá fyrri árum.

Líkt og undanfarin ár sinnti Leifur Örn Gunnarsson starfi kaupfélagsstjóra og stýrði hann kaupfélaginu og uppgjóri þess auk þess að koma að innkaupum í samstarfi við formann og gjaldkera. Ragnar Veigar Guðmundsson hafði umsjón með vaktaskipulagi. Í hópi afgreiðslufólks ársins, auk kaupfélagsstjóra, voru m.a. Anna Stína, Anna Valdís Kro, Erla Dögg, Finnur Trausti, Gunnar Helgi, Gunnur Vilborg, Lisa Franco, Logn Draumland, Védís Mist Agnadóttir og Þórhalla Beck.

7.2.4 Götusala og önnur sölustarfsemi

Ragnar Veigar Guðmundsson hafði umsjón með undirbúningi götusölu í samstarfi við kaupfélagsstjóra og gjaldkera og hélt utan um hóp sjálfboðaliða sem seldi varning á meðan á gleðigöngu stóð, laugardaginn 11. ágúst. Gunnur Vilborg sá um að taka á móti sjálfboðaliðum og úthluta söluvarningi og plássi fyrir sjálfboðaliða daginn sjálfan. Í ár taldi sá hópur um 25 aðila og var sölufólk með regnbogavarning staðsett á nokkrum stöðum frá upphafi gleðigöngu og alla leið að Hljómskálagarði. Í ár naut hátíðin liðsinnis 14 sjálfboðaliða frá SEEDS samtökunum sem reyndust mjög vel og um að gera að notfæra sér þeirra hjálp ef hún býðst aftur. Einnig reyndust söluhús í Hljómskálagarðinum vel. Götusalan er mikilvægur þáttur í fjármögnun hátíðarinnar og sýnileika hennar og tekur söluhópurinn því feginn við nýjum sjálfboðaliðum á öllum aldri í ár.

Nýbreytni við götusöluna 2018 var að í staðinn fyrir að notast við sölukerrur eins og verið hefur, þá fékk sölufólk poka með varningi sem gerði því kleyft að komast betur um á milli gesta og dreifa söluinni yfir stærra svæði. Úrval var einnig einfaldað og einungis vinsælustu hlutirnir settir í poka sölufólks. Í heildina gafst þetta vel og gott að hafa þetta í huga fyrir Hinsegin daga 2019.

Í ár var varningur seldur á hinum ýmsu viðburðum Hinsegin daga s.s. Opnunarhátíð Hinsegin daga, We Like It Like That, Hinsegin konur í tónlist og Kynlífskarnivali. Sú sala gekk í heildina ágætlega en gott væri að skoða úrval á hverjum viðburði fyrir sig og miða það við þann viðburð sem er í gangi hverju sinni.

7.2.5 Fjáröflunarviðburðir

Fjáröflunarviðburðir eru mikilvægur hlekkur í fjáröflunardeðu Hinsegin daga. Vissulega skipta þar miklu allir viðburðir með aðgangseyri en ekki síður fjáröflunarviðburðir þar sem Hinsegin daga innheima tekjur en þurfa að greiða lítinn eða engan kostnað á móti. Af slíkum viðburðum á árinu 2018 ber helst að nefna Hinsegin siglingu með Eldingu og Landleguball á Kiki. Eigendum og starfsfólki fyrirtækjanna tveggja eru færðar hlýjar þakkir fyrir samstarfið og stuðninginn - hann skiptir Hinsegin daga sannarlega miklu.

7.3 Fjárhagur

Hinsegin dagar voru reknir með hagnaði árið 2018 en nánar er greint frá fjárhag hátíðarinnar í ársreikningi. Helstu tekjulindir félagsins voru rekstur kaupfélags (sala á miðum og varningi) og samningsbundinn fjárstyrkur frá Reykjavíkurborg. Aðrar tekjur voru einkum styrkir frá fyrirtækjum og ráðherrum. Félagið stendur vel og er staða eigin fjár góð fyrir komandi afmælisár en sem fyrr er fyrirbyggja í fjármálum nauðsynleg til að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll og fjárhagslegt öryggi hátíðarinnar.